

Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2013

Umsögn Samiðnar um tillögu til þingsályktunar þingskjal 124-121 mál.

Samiðn hefur ekki tekið efnislega umræðu eða afstöðu til atvinnulýðræðis og almennt má segja að það hafi ekki verið mikið rætt meðal stéttarfélaganna á Íslandi síðustu ár. Hins vegar hefur aukin áhersla verið lögð á að styrkja trúnaðarmenn stéttarfélaganna meðal annars með betri og meiri fræðslu. Megin ástæðan fyrir því að stéttarfélög hafa ekki sýnt atvinnulýðræðinu meiri áhuga er að það getur orkað tvímælis. Hlutafélagalögin kveða skýrt á um skyldur stjórnarmanna og þegar einstaklingur tekur sæti í stjórn á hann eingöngu að gæta heildarhagsmuna félagsins og er bundinn þagnarskyldu gagnvart fjölmörgum atriðum sem fjallað er um t.d. á stjórnarfundum. Einstaklingur sem tekur sæti sem fulltrúi starfsmanna getur því verið í þeirri stöðu að hann búi yfir mikilvægum upplýsingum en má ekki miðla þeim til þeirra sem völdu hann til stjórnarsetu.

Nærtækasta dæmið um þennan umboðsvanda er þegar þáverandi formaður VR tók sæti í stjórn og lánanefnd Kaupþings og lenti í atburðarrás sem hann stýrði ekki og réði ekki við en varð að taka fulla ábyrgð á.

Það er skoðun Samiðnar að heppilegra væri að þróa aukið atvinnulýðræði í gegnum trúnaðarmannakerfi stéttarfélaganna og auka rétt þeirra til að fá upplýsingar um rekstur fyrirtækja og miðla þeim til starfsmanna.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



---

Þorbjörn Guðmundsson